

28. maí 2015

Ræða stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins – Frá markmiði til menningar

Ráðherra, góðir fundarmenn,

Markmiði fjármálaeftirlits á Íslandi er á hverjum tíma lýst í stefnu stjórnar eftirlitsins. Síðastliðið haust ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að ástæða væri til að setja stefnuna fram með einfaldari hætti þannig að innleiðing stefnunnar í starfsemi eftirlitsins yrði markvissari og skýrari.

Í stefnunni segir að markmið fjármálaeftirlits á Íslandi komi fram í eftirfarandi þremur punktum:

- stuðla að fjármálastöðugleika og að fjármáلامarkaðurinn sé skilvirkur og njóti trausts til að gegna þjóðhagslegu hlutverki sínu
- viðhalda löghlýðni, heilbrigði og öryggi í rekstri fyrirtækja á fjármáلامarkaði
- gæta hagsmuna viðskiptavina fyrirtækja á fjármáلامarkaði og almennings

En hvað þýða þessir punktar í starfsemi Fjármálaeftirlitsins? Hvort á að leggja meiri áherslu á frumkvæðiseftirlit eða viðbragðseftirlit; varfærni eða áræðni, laganna bókstaf eða prinsipp; uppbyggilegt aðhald eða refsingar; fjárhagslega stöðu fjármálafyrirtækja eða starfshætti? Svörin eru ekki augljós af stefnunni einni og sér, heldur skiptir þar höfuðmáli hvernig markmiðin eru innleidd inn í öll verkefni Fjármálaeftirlitsins og hvernig stefnan og starfsmennirnir saman skapa menninguna.


Ástæðan fyrir því að mig langar að staldra við þetta og nota tækifærið í þessu ávarpi á ársfundi Fjármálaeftirlitsins 2015 er sú að um þessar mundir hafa orðið ákveðin þáttaskil í starfseminni. Verkefnin hafa verið að breytast síðustu misseri og framundan eru afar viðamikil verkefni í innleiðingu nýrrar löggjafar á fleiri en einu sviði eftirlitsins. Ný löggjöf þýðir nýtt umhverfi. Það er alltaf tilhlökkun hjá mér að takast á við nýtt verkefni og það er eitt af því sem ég man hvað best frá þeim tíma sem ég vann hjá Fjármálaeftirlitinu og líkaði vel við. Umhverfi Fjármálaeftirlits er síbreytilegt og það er alveg ljóst að Fjármálaeftirlitið þarf að hafa mikla aðlögunarhæfni til að sinna nauðsynlegum verkefnum á hverjum tíma en missa þó aldrei sjónar á markmiðunum.

Árið 2009 gerði Kaarlo Jännäri úttekt á Fjármálaeftirlitinu og árið 2011 gerði Thoraval aðra úttekt auk þess sem að í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis var töluverð umfjöllun og úttekt á Fjármálaeftirlitinu (2010). Skilaboðin úr þessum úttektum voru margvísleg og var reynt að bregðast hratt við þeim eftir því sem kostur var en sumt var hins vegar ekki í höndum Fjármálaeftirlitsins. Eitt af því sem var gert var að yfirgripsmikil og metnaðarfull umbótaáætlun var samin sem er í raun grunnurinn að stefnu Fjármálaeftirlitsins enn í dag. Meginmarkmið áætlunarinnar var að skerpa sýn Fjármálaeftirlitsins, koma á skipulagi sem styddi betur við kjarnastarfsemina og tryggja gæði starfseminnar. Ennfremur var markmiðið að koma á eftirlitsaðferðum sem væru í samræmi við alþjóðleg viðmið um eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í úttektinni árið 2011 uppfyllti Fjármálaeftirlitið að hluta 11 af 25 svokölluðum Basel Core Principles um virkt fjármálaeftirlit sem hér verða kallaðar kjarnareglur. Á vormánuðum ársins 2014 gerði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn aðra sambærilega úttekt á sjálfsmati stofnunarinnar á grundvelli endurskoðaðra kjarnareglna um árangursríkt bankaeftirlit frá árinu 2012. Í endurskoðaðri útgáfu hafði kjarnareglunum verið fjölgað úr 25 í 29 og viðmiðum sem þeim fylgdu úr 196 í 229, með enn ríkari kröfum. Niðurstaða úttektarinnar að þessu sinni var sú að af 29 kjarnareglum uppfyllti stofnunarinn 7 að fullu og 9 að meginhluta. Þetta er einn mælikvarði á það hvernig Fjármálaeftirlitið stendur í alþjóðlegu viðmiði þegar kemur að eftirliti á bankamarkaði. Kjarnareglurnar eru af ýmsum toga og verða að sumu leyti atriði sem atbeina löggjafans þarf til að bæta úr á meðan önnur atriði snúa að innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Sem dæmi um athugasemdir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ætla ég að nefna tvennt: Í fyrsta lagi að þróun og innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits þyrfti að ljúka sem fyrst. Í því sambandi skorti leiðbeiningar og viðmið fyrir fjármálastofnanir varðandi það hvernig staðið skuli að mati á áhættuþáttum í rekstri þeirra og gerð vinnulýsinga fyrir starfsmenn. Hitt sem ég vildi nefna hér var það mat sjóðsins að stofnunarinn þyrfti að koma upp skýrari áætlun um það með hvaða hætti hún hygðist halda í hæft starfsfólk og var þar bent á þætti eins og aðlaðandi launastefnu, þjálfunaráætlun og skýrari leiðir til starfsframa hjá stofnuninni. Í framhaldi af athuguninni var sett fram áætlun um úrbætur sem byggði á niðurstöðum sjóðsins auk þess sem stofnunarinn þáði stuðning erlendra sérfræðinga á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að vinna að áframhaldandi þróun og innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits.

Þá erum við aftur komin að markmiðunum í stefnu Fjármálaeftirlitsins og hvernig unnið er að því að innleiða þau í alla ferla og alla hugsun í starfsemi Fjármálaeftirlitsins.



Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins útfærðu stefnuna nánar í svokallaðar lykilstefnur og undirstefnur. Ákveðið var að útfæra stefnuna með sex lykilstefnum sem tengjast þremur ferlaflokkum (blátt, rautt og grænt) eins og sjá má á myndinni. Vinnu við mótun lykilstefnanna er um það bil að ljúka og undirbúningur fyrir innleiðingu þeirra hafinn. Þá er einnig unnið að uppfærslu og innleiðingu nýs tíma- og verkstjórnunarkerfis með það að markmiði að bæta upplýsingaflæði varðandi stefnumarkandi áherslur hverju sinni, stuðla að betri yfirsýn stjórnenda, markvissari forgangsroðun og eftirfylgni verkefna. Það er Fjármálaeftirlitinu mikilvægt að upplifunin sé traust, faglegt og skilvirkt eftirlit á fjármálamarkaði.

Til enn meiri einföldunar á markmiðum Fjármálaeftirlitsins væri hægt að segja: Markmiðið er að stuðla að því að fjármálamarkaðurinn njóti trausts til að gegna þjóðhagslegu hlutverki sínu.

Flestir sem hér sitja eru annað hvort eða hvoru tveggja eftirlitsskyldir aðilar eða neytendur á fjármálamarkaði. Hvað þýðir stefnan og innleiðingin fyrir ykkur?

Fjármálaeftirlitið mun á næstu misserum taka upp áhættumiðað eftirlit. Í því felst að stofnunin mun forgangsraða enn frekar í starfi sínu og beina athugunum sínum einkum að þeim félögum sem eru kerfislega mikilvæg eða varða af öðrum ástæðum mikilvæga hagsmuni neytenda. Þýðing þessa fyrir eftirlitsskylda aðila fer að miklu leyti eftir því hvar þeim er forgangsraðað og þýðingin fyrir neytendur/almennig er að mikilvægustu félögin fyrir þá fá mesta athygli.

Áhættumiðað eftirlit er tvímælalaust eitt af lykilatriðum í því að uppfylla markmiðið um traust, faglegt og skilvirkt eftirlit.

Í stefnu Fjármálaeftirlitsins er umfjöllun um sjálfstæða upplýsingaöflun og mat. Byggt á þeirri áherslu var sett af stað umbótaverkefni sem hefur verið kallað gagnaskil. Markmið verkefnisins eru m.a. að bæta gæði gagna, gera gagnasöfnunina skilvirkari og einfaldari og umbreyta skýrslum í gögn á rafrænu formi eftir því sem kostur er. Í stuttu máli má segja að vilji eftirlitsins standi til þess að gera gagnaskil eftirlitsskyldra aðila ekki meira íþyngjandi en nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti rækt hlutverk sitt. Auk þess leiðir þetta af sér aukið hagræði og sparnað bæði fyrir eftirlitsskylda aðila og stofnunina.

Áður en markmiðinu er náð eykst þó álagið tímabundið samfara auknum skýrsluskilum sem leiðir m.a. af samhliða skilum eldri og nýrri skýrsluforma/gagnapakka. Samhliða skilin eru nauðsynleg til að leggja mat á gæði gagna og tryggja samfellu í gögnum og tímaröðum eftirlitsins.

Nú er unnið að innleiðingu Evróputilskipana og tæknistaðla á öllum mörkuðum sem heyra undir Fjármálaeftirlitið. Tæknistaðlar sem lúta að gagnasöfnun eru þar fyrirferðarmiklir. Fyrst í stað ber hæst vinna við innleiðingu CRD IV á bankamarkaði, en einnig er í gangi vinna við undirbúningsskil fyrir Solvency II á váttryggingamarkaði. Þá er rétt að halda því til haga að

EMIR gerir kröfu um nýja gagnasöfnun og skráningarskyldu viðskipta á verðbréfamarkaði sem einnig er í undirbúningi. Það mæðir því mikið á eftirlitsskyldum aðilum sem geta þurft að skila gögnum tímabundið með tvennum hætti, bankamarkaði á þessu ári samhliða innleiðingu CRD IV og fyrirséð er aukið álag á váttryggingamarkaði á næsta ári samhliða innleiðingu Solvency II.

Góðir fundarmenn

Það getur verið að það sé ekki alltaf ljóst öllum hvert verið Fjármálaeftirlitið er að stefna eða hvort einstaka skref á leiðinni séu nauðsynleg en líklega er það eðli starfsins, verandi opinbert eftirlit. Ég vona hins vegar að þetta yfirlit hafi varpað einhverju ljósi á þá vegferð sem í gangi er innan Fjármálaeftirlitsins og það er sannfæring mín að metnaður og fagmennska skili okkur öllum að markinu.